



Nám fullorðinna

Námsbraut á Uppeldis- og menntunarfræðideild (til M.Ed./MA gráðu) fyrir fólk sem vill styðja við nám fullorðinna – hvort sem það er innan skólakerfisins, á vinnustað eða annars staðar. Námið við brautina hentar bæði stjórnendum og skipuleggjendum, s.s. fræðslustjórum, verkefnastjórum á fræðslusetrum sem og kennurum og þjálfurum í skólum, stofnunum og fyrirtækjum.

Texti úr Kennsluskrá Háskóla Íslands:

Formaður námsleiðar: Hróbjartur Árnason (hrobjartur@hi.is)

Framhaldsnám um nám fullorðinna innan Uppeldis- og menntunarfræðideildar er í boði á meistarastigi.

Vefsetur námsleiðarinnar: (namfullordinna.is)

Eftirfarandi námsleiðir eru í boði:

- Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á nám fullorðinna, M.Ed., 120e
- Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á nám fullorðinna, MA, 120e

Um nám fullorðinna

Námsleiðin er ætluð fólki sem vill auka hæfni sína til að styðja við nám fullorðinna á öllum þeim ólíku stöðum þar sem skipulagt nám fullorðinna fer fram, hvort sem það er á vinnustað, í tengslum við tómstundir eða innan menntastofnana. Námið gagnast öllum sem huga að skipulagningu eða framkvæmd fræðslu, svo sem með kennslu, leiðsögn eða ráðgjöf

Hafðu samband:

Formaður

námsbrautarinnar:

Hróbjartur Árnason
hrobjartur@hi.is
525 5393 | 860 8046

Deildarstjóri:

Ásdís Hrefna Haraldsdóttir
asdish@hi.is
525 5982

Vefur námsbrautarinnar:

<http://namfullordinna.is>

Námið er í boði til M.Ed. eða MA-gráðu en einnig má ljúka fyrri hlutanum með diplómu (60e). Nemendur sem ætla sér að ljúka meistaragráðu með áherslu á Nám Fullorðinna taka amk. 30 einingar á námsleiðinni auk lokaverkefnis. Þar við bætast 40e í undirstöðufræðum kennslufræðinnar ásamt aðferðafræði. Þá eru eftir 20-60e í val tengdu fræðasviðinu – eftir stærð lokaverkefnis.

Fullorðið fólk lærir á ólíkum stöðum og í mismunandi samhengi. Algengt er að fólk leiti til símenntunarmiðstöðva eða endurmenntunardeilda háskóla, öldungadeilda eða námsflokka bæjarfélaga. En fullorðnir þurfa líka að læra í vinnunni, samstarfsmenn þurfa oft að miðla af sérþekkingu sinni, heilbrigðisstarfsfólk leiðbeinir gjarnan sjúklingum og aðstandendum þeirra til að

takast á við nýjar aðstæður og á söfnum og bókasöfnum þarf oft að leiðbeina gestum á ýmsan hátt. Þegar kemur að því að skipuleggja slíka fræðslu og kenna, veltur árangurinn oft á þekkingu og skilningi viðkomandi á námi fullorðinna og færni þeirra til að beita gagnlegum aðferðum. Námið gengur út á að hjálpa nemendum að verða sér úti um slíka þekkingu og færni.

Þetta er texti úr Kennsluskrá Háskóla Íslands Hann má líka finna hér:

- [Lýsing á námsleiðinni](#)
- [Námsleið fyrir fólk sem hefur hug á námi sem miðast við starf á sviðinu](#)
 - [Skipulag námsins MEd](#)
- [Námsleið fyrir fólk sem hefur hug á námi sem miðast rannsóknir á sviðinu](#)
 - [Skipulag námsins MA](#)

Markmið

Meginmarkmið námsins er að námsmenn öðlist þekkingu á kenningum, aðferðum og viðhorfum sem gagnast þeim sem vilja styðja við lífstíðarnám fullorðinna. Þeir hafi þekkingu á sérstöðu fullorðinna námsmanna og kunni aðferðir til að styðja við nám þeirra. Einnig að nemendur kynnist því umhverfi þar sem skipulagt nám fullorðinna fer fram á Íslandi. Þeir hafi gott vald á aðferðum sem nýtast við skipulagningu og framkvæmd fræðslu fyrir fullorðna og við kennslu, þannig að þeir séu færir um að meta námsþarfir, koma af stað og stýra hvers kyns námsferlum með fullorðnu fólki. Að lokum að þeir geti metið námsárangur nemenda, eigin framkvæmd eða framkvæmd annarra og geti rökstutt sitt mat.

Námsmenn eru undirbúnir undir og þjálfaðir í því að nota rannsóknir og vísindalegar aðferðir til að greina gögn og kenningar um viðfangsefnið bæði til að þeir geti rökstutt og grundað eigið starf og til að stunda eigin rannsóknir á fræðasviðinu eða vinna hagnýtar úttektir á framkvæmd fræðslustarfs.

Skipulag

Námskeiðin á námsleiðinni Nám Fullorðinna eru jafnan skipulögð sem fjarnám með staðbundnum lotum. Það þýðir að á flestum námskeiðum hittast nemendur og kennarar í svo kölluðum staðlotum, þess á milli vinna nemendur og kennarar saman að alls konar verkefnum á vefnum. Lögð er rík áhersla á að fjöldi verkefna sé unnin í beinum tengslum við vettvang, annað hvort á eigin vinnustað eða annars staðar þar sem fræðslustarf fer fram með fullorðnum.

Námið skiptist í aðalatriðum niður í

- Námskeið af námsleiðinni Nám fullorðinna
- Sameiginlegan kjarna meistaranema í deildinni
- Valnámskeið
- Lokaverkefni

Í frjálssu vali geta nemendur valið námskeið úr öllum deildum Menntavísindasviðs og viðeigandi námskeið af öðrum sviðum Háskólans. Listi yfir valnámskeið sem mælt er með má finna á síðum um skipulag námsins. Önnur valnámskeið þarf umsýðingarmann að samþykka. Vinsamlegast hafið samband við umsýðingarmann námsleiðarinnar um val á námskeiðum, ef þörf krefur.

Hægt er að brautskrást eftir fyrri hluta námsins með *60e diplómu*. Sú leið er hugsuð fyrir fólk sem starfar við eða hyggur á starf sem tengist skipulagningu náms og kennslu og vill bæta við sig þekkingu á háskólastigi án þess að ljúka meistaraáráðu. Áhersla er lögð á sérstöðu og aðstæður fullorðinna sem námsmanna, samhengi fræðslustarfs með fullorðnum, þarfagreiningu, skipulagningu náms, kennslufræði, matsfræði og kemur notkun upplýsingatækni við nám og kennslu gjarnan fyrir í tengslum við verkefni námsleiðarinnar. Námið er tengt rannsóknum á fræðasviðinu og vettvangi. Hægt er að ljúka diplómanáminu á einu ári í fullu námi eða dreifa því á lengri tíma.

Diplómanemendur taka amk. þrjátíu einingar á sviði náms fullorðinna: Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra (10e), Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum (10e) og a.m.k. eitt af valnámskeiðum leiðarinnar (10e), þar að auki 30 einingar í öðrum valnámskeiðum sem tengjast fræðasviðinu á einhvern hátt.

Skipulag námsins til prófgráðunnar Master of Education

Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á Nám fullorðinna, M.Ed. er tveggja ára framhaldsnám, 120e, starfstengt og fræðilegt. Inntökuskilyrði eru bakkalárgráða. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25).

Námið er ætlað fólki sem starfar við eða hyggur á starf sem tengist skipulagningu náms og kennslu. Áhersla er lögð á sérstöðu og aðstæður fullorðinna sem námsmanna, samhengi fræðslustarfs með fullorðnum, þarfagreiningu, skipulagningu náms, kennslufræði, matsfræði og kemur notkun upplýsingatækni við nám og kennslu gjarnan fyrir í tengslum við verkefni námsbrautarinnar. Námið er tengt rannsóknum á fræðasviðinu og vettvangi. Hægt er að ljúka náminu á tveimur árum í fullu námi eða dreifa því á lengri tíma. Þar sem lokaverkefni á þessari leið takmarkast við 30 einingar býður leiðin upp á mikla breidd í námskeiðavali og góða tengingu við vettvang.

M.Ed.-námið skiptist í aðalatriðum þannig:

- Námskeið af námsleiðinni Nám fullorðinna (30-60e)
- Sameiginlegur kjarni meistaranema í deildinni (30e)
- Valnámskeið (0-30e)
- Lokaverkefni (30e)

1) Námskeið af sérsviðinu: Nám fullorðinna (30-60e)

Inngangsnámskeið: Kjarnanámskeið námsleiðarinnar

- NAF003F Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra 10e

- Eftirtalið námskeið um skipulagningu:

- NAF002F Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum 10e

- Amk. eitt eftirtalinna námskeiða:

- NAF005F Markaðssetning fræðslutilboða fyrir fullorðna 10e
- NAF001F Gæðastjórnun í Símenntun 10e
- NAF201F Greining á fræðsluþörfum í símenntun 10e
- NAF004F Mat og vottun á þekkingu og færni fullorðinna 10e

2) Sameiginleg námskeið flestra meistaranema (30e)

- Kenninganámskeið; Val á milli tveggja:

- MVS009F Kenningar um nám: Félagsleg og sálfræðileg sjónarhorn 10e
- MVS101F Kenningar í félagsfræði og heimspeki menntunar 10e

-Aðferðafræði

-Þrjú námskeið í aðferðafræði (20e)

- MVS109F Aðferðafræði rannsókna - meginleg aðferðafræði 5e
- MVS110F Aðferðafræði rannsókna - eigindleg aðferðafræði 5e
- Nemandi sem lokið hefur aðferðafræði sem svarar til MVS109F og MVS110F tekur viðbótar aðferðafræði, ýmist á Menntavísindasviði eða Félagsvísindasviði í samráði við umsjónarmann námsleiðarinnar.

- Dýpkun með öðru hvoru eftirtalinna aðferðafræðinámskeiða:

- MVS201F Eigindlegar rannsóknaraðferðir I 10e
- MVS202F Megindlegar rannsóknaraðferðir I 10e

3) Valnámskeið af öðrum brautum, deildum og sviðum (0-30e)

- STM101F Fræðslustarf, nýsköpun og atvinnulíf 10e
- STM202F Konur og karlar sem leiðtogar, frumkvöðlar og stjórnendur 10e
- VIÐ211F Þróun mannauðs 6e
- MEN127F Fjölmenningsamfélag og skóli: Hugmyndafræði og rannsóknir 10e
- MEN209F Kennslufræði íslensku sem annars máls (fullorðnir) 10e
- MEN227F Kennslufræði og skóli margbreytileikans 10e
- NSR007F Ráðgjafarkenningar 10e
- NSR013F Starfsferilskenningar 10e

Námskeið sem eru bundið val í kjarna námsleiðar en eru ekki valin sem hluti af kjarna, má taka sem valnámskeið.

Hægt er að velja fleiri námskeið á MVS eða öðrum sviðum HÍ í samráði við umsjónarmann námsleiðar.

4) Lokaverkefni (30e)

Lokaverkefni 30e

Skipulag námsins til prófgráðunnar Master of Arts

Uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á Nám fullorðinna, MA er tveggja ára framhaldsnám, 120e, starfstengt og fræðilegt. Inntökuskilyrði eru bakkalárgráða. Að jafnaði er gerð krafa um fyrstu einkunn (7,25).

Námið er ætlað fólki sem starfar við eða hyggur á starf sem **tengist rannsóknum** á námi fullorðinna, skipulagningu náms og kennslu. Áhersla er lögð á sérstöðu og aðstæður fullorðinna sem námsmanna, samhengi fræðslustarfs með fullorðnum, þarfagreiningu, skipulagningu náms og kennslufræði. Námið er tengt rannsóknum á fræðasviðinu og vettvangi. Hægt er að ljúka náminu á tveimur árum í fullu námi eða dreifa því á lengri tíma. Áhersla á aðferðafræði, fræðileg vinnubrögð og stórt lokaverkefni gerir þessa námsleið tilvalda fyrir fólk sem hyggur á frekari rannsóknir.

MA-námið skiptist í aðalatriðum þannig:

- Námskeið af námsleiðinni Nám fullorðinna (20-40e)
- Sameiginlegur kjarni MA-nema í deildinni (40e)
- Valnámskeið (0-20e)
- Lokaverkefni (40-60e)

Námskeið

1) Námskeið af sérsviðinu: Nám fullorðinna (20-40e)

Inngangsnámskeið: Kjarnanámskeið Námsleiðarinnar

- NAF003F Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra 10e

A.m.k. eitt eftirtalinna námskeiða:

- NAF002F Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum 10e
- NAF005F Markaðssetning fræðslutilboða fyrir fullorðna 10e
- NAF001F Gæðastjórnun í Símenntun 10e
- NAF201F Greining á fræðsluþörfum í símenntun 10e
- NAF004F Mat og vottun á þekkingu og færni fullorðinna 10e

2) Sameiginleg námskeið MA-nema (40e)

- Kenninganámskeið; Val á milli tveggja:

- MVS101F Kenningar í félagsfræði og heimspeki menntunar 10e
- MVS009F Kenningar um nám: Félagsleg og sálfræðileg sjónarhorn 10e

- Aðferðafræði

- MVS110F Aðferðafræði rannsókna – eigindleg aðferðafræði 5e
- MVS109F Aðferðafræði rannsókna – megindleg aðferðafræði 5e
- MEN117F Fræðileg vinnubrögð I 5e
- MEN213F Fræðileg vinnubrögð II 5e

Nemandi sem lokið hefur aðferðafræði sem svarar til MVS109F og MVS110F tekur viðbótar aðferðafræði, ýmist á Menntavísindasviði eða Félagsvísindasviði í samráði við umsjónarmann námsleiðar.

- Dýpkun með öðru hvoru eftirtalinna aðferðafræðinámskeiða

- MVS201F Eigindlegar rannsóknaraðferðir I 10e
- MVS202F Megindlegar rannsóknaraðferðir I 10e

3) Valnámskeið af öðrum brautum, deildum og sviðum (0-20)

- NSR007F Ráðgjafarkenningar 10e
- NSR013F Starfsferilskenningar 10e
- STM101F Fræðslustarf, nýsköpun og atvinnulíf 10e
- STM202F Konur og karlar sem leiðtogar, frumkvöðlar og stjórnendur 10e
- MEN227F Kennslufræði og skóli margbreytileikans 10e
- MEN127F Fjölmeningarsamfélag og skóli: Hugmyndafræði og rannsóknir 10e
- MEN209F Kennslufræði íslensku sem annars máls (fullorðnir) 10e
- VIÐ211F Þróun mannauðs 6e

Námskeið sem eru bundið val í kjarna námsleiðar en eru ekki valin sem hluti af kjarna, má taka sem valnámskeið.

Hægt er að velja fleiri námskeið á MVS eða öðrum sviðum HÍ í samráði við umsjónarmann námsleiðar.

4) Lokaverkefni og námskeið sem tengjast því (40-60e)

- Málstofa MA-nema 1: Áætlun 0e
- Málstofa MA-nema 2: Niðurstöður 0e
- Lokaverkefni MA: Rannsóknarritgerð 40-60e